

Hafnarstjórn - 215 (15.10.2020) - Snjóflóðasetur Flateyrar

Málsnúmer : 2020080056
Málsaðili : Eyþór Jónsson
Niðurstaða (stutt) : Hafnað
Fundardagur : 15.10.2020

Inngangur : Lagður fram tölvupóstur Eyþórs Jónssonar, f.h. starfshóps um uppbyggingu Snjóflóðasafns á Flateyri, dags. 6. október 2020, þar sem óskað er samtals við sveitarfélagið um að finna varðskipinu Ægi staðsetningu á Flateyri fyrir Snjóflóðasafn, auk óskar um tímabundna eða varanlega eftirgjöf af hafnargjöldum og/eða öðrum kostnaði. Jafnframt lögð fram viðskiptaáætlun Snjóflóðasafnsins og myndir af skipinu og hugmyndum að staðsetningum á Flateyri.

Bæjarráð vísaði málinu til umsagnar í hafnarstjórn á 1125. fundi sínum þann 12. október sl.

Niðurstaða : Hafnarstjórn fagnar áhugaverðri hugmynd en telur að hafnarpláss við bryggjuna á Flateyri sé of takmarkað til að hægt sé að koma varðskipinu fyrir þar.

Þá er höfnin enn óvarin fyrir snjóflóðum, vinna við nýtt hættumat stendur enn yfir og því ekki tímabært að taka ákvarðanir um framkvæmdir við höfnina.

Auk þess telur hafnarstjórn að ekki sé hægt að fara í framkvæmdir sem til þyrfti til að koma varðskipinu fyrir án fjárhagslegrar aðkomu annarra opinberra aðila.